

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Laxar fiskeldi ehf. Fiskalón, Ölfusi



<b>Dags eftirlits</b>	16.11.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Laxar fiskeldi ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Heimili</b>	Fiskalóni	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	621205-1370	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Benedikt Bárðarson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit vegna ábendinga um grugg í frárennsli frá verksmiðjunni. Eitt frávik var staðfest í eftirlitinu og athugasemd gerð við umgengni.

### UMFANG EFTIRLITS

Aðstæður í frárennsli voru skoðaðar. Frárennsli frá fiskeldinu sameinast í einn brunn og þaðan í opinn frárennislæk og þaðan um 20-30 m neðar í gegnum rist sem hreinsar helstu gruggagnir. Eftir ristina rennur frárennslið í opnum skurði niðureftir veginum um 50 m og þaðan í setubeð. Mikið gulleitt slý var í læknum bæði fyrir og eftir ristina en lítil lykt (hitastig var undir frostmarki og veður stillt).

#### Frávik frá

Grein 2.6 í starfsleyfi

#### Lýsing á frávik

Mikið var af sjáanlegum fódurleifum og gruggi í frárennslinu. Gróf rist er til að hindra að fiskur sleppi út í viðtakann (opinn læk). Samkvæmt ákvæðum starfsleyfisins skal forhreinsa frárennsli áður en það berst í viðtaka og það skal vera í samræmi við bestu aðgengilegu tækni fyrir fiskeldi. Unnið að hönnun frárennslishreinsibúnaðar og er ráðgert að hann verði tekin í gagnid í seinasta lagi næsta sumar. Þá hefur verið farið yfir verkferla. Úrbætur verða teknar út í næsta reglubundna eftirliti

### ATHUGASEMDIR

Byggingaframkvæmdir hafa staðið yfir undanfarið við ker utandyra. Nokkuð var af lausum frárennislögnum og lausum byggingarefnum á víð og dreyf á lóðinni. Bæta þarf umgengnina og koma í veg fyrir t.a.m. fok á lausum munum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.12.2017

  
Halla Einarsdóttir